

## Borgarlína: Samið um beint áfram

Eftir Jónas Elíasson

Eftir Jónas Elíasson: "Er þarna á ferðinni ný Teigskógarþræta?"

Í frétt á bls. 6 í Morgunblaðinu 25. maí er sagt frá samningum Vegagerðarinnar við Reykjavíkurborg vegna brúar á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar, þar segir svo:

„Síðan hefur sú breyting orðið, að samkvæmt samgöngusáttmála ríkis og borgar er gert ráð fyrir að hin nýja borgarlína aki frá Mjódd inn í Vogabyggð. Því blasir það verkefni við að finna leið fyrir borgarlínu almenningsgangna um gatnamótin.“

Þetta hljómar sakleysislega. En nú liggur landið þannig að beinasta leiðin frá Mjódd og niður í Vogabyggð er beint áfram eftir Reykjanesbrautinni. Eru Reykjavíkurborg og Vegagerðin að semja um þetta? Hvort strætó eigi nú að keyra þarna beint áfram eftir að ljósín eru farin, eða hvað?

Eða er Reykjavíkurborg einfaldlega að þrjúskast við að leyfa nauðsynlegar umbætur á þjóðvegakerfi höfuðborgarsvæðisins eins og hún er vön? Er þarna á ferðinni ný Teigskógarþræta í þessum tilgangi? Það stendur ekki í grein Morgunblaðsins en annað er tæplega hægt að skilja.

*Höfundur er prófessor.*



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]